



## 1. Til Íslands



H4.1



Marina er á leiðinni til Íslands. Hún situr í flugvélinni og hugsar um Kjartan og Helenu. Kjartan er maðurinn hennar og Helena er dóttir hennar. Þau eru á Íslandi. Marina flýgur frá Moskvu til Keflavíkur með millilendingu í Kaupmannahöfn. Henni líður ekki mjög vel í vélinni, hún er svolítið flughrædd. Hún spjallar við fólkið sem situr nálægt henni til þess að gleyma að hún er í flugvél. Hún talar ágæta íslensku.

## 1.1 Í flugvélinni



H4.2

Flugþjónn: Fer vel um þig? Get ég fært þér eitthvað að drekka?

Marina: Já takk, kannski smá appelsínudjús.

Flugþjónn: Gerðu svo vel.

Marina: Takk fyrir. Geturðu sagt mér hvenær við lendum?

Flugþjónn: Já, eftir um það bil klukkutíma.

Marina: Gæti ég fengið kodda?

Flugþjónn: Því miður, það er bara enginn eftir.



## 1.2 Spyrjið og svarið. Skrifaðu svörin



1. Hvar er Marina?

---

2. Hvaðan er hún að koma?

---

3. Hvert er hún að fara?

---

4. Hvernig líður henni?

---

5. Við hverja talar hún?

---

## 1.3 Tölum saman!



a) Hvenær varst þú síðast í flugvél?

b) Hvaðan varstu að koma?

c) Hvernig leið þér?

## 1.4 Páll situr við hliðina á Marinu



H4.3

Páll: Þú getur fengið koddann minn.

Marina: Takk.

Páll: Þú talar góða íslensku. Hefurðu verið lengi á Íslandi?

Marina: Maðurinn minn er íslenskur og ég lærði íslensku í háskóla. Núna er ég að flytja til Íslands.

Páll: And how do you like Iceland? Í alvöru, hvernig finnst þér á Íslandi?

Marina: Mér finnst ágætt á Íslandi. Fallegt land. En Íslendingar eru svolítið sérstakir.

Páll: Hvað meinarðu?

Marina: Ja ... þeir trú á álfa.

Páll: Hefurðu heyrt þjóðsöguna um uppruna álfanna?

Marina: Nei. (Hugsar: ... og ekki segja mér hana!).

Páll: Hún er svona ... ó, ertu sofnuð? (Marina hrýtur. Hún þykist vera sofnuð.)



## 1.5 Spyrjið og svarið. Skriðu svörin



1. Hvar situr Páll? \_\_\_\_\_

2. Hvað vill Páll vita? \_\_\_\_\_

3. Hvaða skoðun hefur Marina á Íslandi? \_\_\_\_\_

4. Af hverju segir Páll ekki söguna um uppruna álfanna? \_\_\_\_\_

5. Sofnar Marina í alvöru? \_\_\_\_\_

## 1.6 Tengjið samheiti - orð sem þýða það sama!



tala	raunverulega
íslenskur maður	í tvö skipti
tvisvar	huldufólk
í alvöru	spjalla
svolítið	gömul saga
þjóðsaga	Íslendingur
álfar	pínulítið

## 1.7 Finndu 10 sagnir í kaflanum og skrifaðu þær á listann.



Búðu til setningar

sögn í texta	að ...	setning
situr	að sitja	Ég sit við borð

## 1.8 Tölum saman!



- Hvað heitir þú?
- Hvenær komstu til Íslands?
- Hvernig finnst þér á Íslandi?
- Ertu að vinna á Íslandi? Hvar ertu að vinna?
- Hrýtur þú stundum?




Get ég fengið ...? = Gæti ég fengið ...?	Svör
Get ég fengið vatnsglas?	Já, alveg sjálfsagt!
Gæti ég fengið kaffibolla?	Gjörðu svo vel!
Gæti ég fengið símanúmerið þitt?	Nei, því miður, ég á ekki síma.

## 2. Huldumannagenesis – íslensk þjóðsaga



H4.4

Einu sinni kemur guð almáttugur til Adams og Evu. Þau fagna honum vel og sýna honum allt sem þau eiga. Þau sýna honum líka börnin sín. Hann spyr Evu: „Eigið þið fleiri börn en þau sem þú ert búin að sýna mér?“ Hún segir: „Nei“. En Eva er ekki búin að þvo sumum börnunum og vill því ekki láta guð sjá þau og felur þau þess vegna. Þetta veit guð og segir: „Það sem á að vera hulið fyrir mér skal vera hulið fyrir mönnum“. Þessi börn verða nú mönnum ósjáanleg og búa í holtum og hæðum, hólum og steinum. Þaðan eru álfar komnir, en mennirnir eru komnir af þeim börnum Evu sem hún sýnir guði. Mennskir menn geta aldrei séð álfa nema þeir vilji sjálfir, því álfar geta séð menn og látið menn sjá sig.



### 2.1 Spyrjið og svarið



1. Um hvað er þjóðsagan?
2. Af hverju sýnir Eva guði ekki öll börnin sín?
3. Hvað segir guð við Evu?
4. Hvenær geta menn séð álfa?
5. Eru til þjóðsögur um álfa eða huldufólk í þínu landi?
6. Um hvað fjalla þjóðsögur í þínu landi?

### 2.2 Veldu rétt orð og skrifaðu í eyðurnar



felur kemur vill sýnir segir séð þvo geta veit

Guð almáttugur \_\_\_\_\_ til Adams og Evu og hann \_\_\_\_\_ sjá börnin þeirra. En Eva er ekki búin að \_\_\_\_\_ öllum börnunum og hún \_\_\_\_\_ þau, en \_\_\_\_\_ honum bara hreinu börnin. Þetta \_\_\_\_\_ guð og hann \_\_\_\_\_: „Það sem á að vera hulið fyrir mér skal vera hulið fyrir mönnum“. Álfar \_\_\_\_\_ séð menn, en menn geta ekki \_\_\_\_\_ álfa nema þeir vilji sjálfir.

## 2.3 Veldu eitt verkefni og skrifaðu um það



- a) Hver er ég?   b) skemmtileg flugferð   c) Þjóðsaga frá mínu landi

---

---

---

---

---

---

---

---

---

---

---

## 3. Frá Leifsstöð til Reykjavíkur



H4.5

Kjartan og Helena sækja Marinu á flugvöllinn. Þau koma þegar flugvélin er lent og þurfa að bíða í nokkrar mínútur. Það verða fagnaðarfundir þegar Marina birtist loksins. Þau keyra til Reykjavíkur og ræða um það sem þau ætla að gera næstu daga. Kjartan er kominn í sumarfrí. Hann þarf ekki að fara í vinnuna á morgun.

### 3.1 Fjölskyldan talar saman



H4.6

Helena: Mig langar svo í Bláa Lónið. Getum við farið þangað núna?

Marina: Nei, ég vil fara heim núna. Ég þarf að fara í bað og slappa af eftir ferðalagið.

Kjartan: Á morgun verðum við túristar í Reykjavík! Við förum í sund og í Húsdýragarðinn og um kvöldið förum við á tónleika!

Marina: Og í næstu viku leggjum við af stað í ferðalag um landið.

Helena: Vei, vei, ég hlakka svo til. Þetta verður gaman!

Kjartan: Já, og í kvöld borðum við hjá ömmu og nýja kærastanum hennar.



### 3.2 Spyrjið og svarið



1. Af hverju þarf Kjartan ekki að fara í vinnuna daginn eftir?
2. Hvað vill Marina gera eftir ferðalagið?
3. Hvað ætlar fjölskyldan að gera næstu daga?
4. Hvert ætla þau að fara um kvöldið?

að fara í ...	að fara á ...	að vera í ...	að vera á ...
vinnuna	flugvöllinn	vinnunni	flugvellinum
skólann	bókasafnið	skólanum	bókasafninu
bankann	listasafnið	bankanum	listasafninu
Húsdýragarðinn	leikskólann	Húsdýragarðinum	leikskólanum
sund	kaffihúsið	sundi	kaffihúsinu
Bláa Lónið	tónleika	Bláa Lóninu	tónleikum
bað		baði	
leikhúsið		leikhúsinu	

### 3.3 Merktu við rétt orð



1. Ég þarf að fara í  vinnuna  vinnunni klukkan sjö.
2. Hvernig er í nýju  vinnuna?  vinnunni?
3. Ég labba í  skólann  skólanum á morgnana.
4. Mér finnst gaman í  skólinn.  skólanum.
5. Ég hef aldrei farið í  Bláa Lónið.  Bláa Lóninu.
6. Mér líður vel í  Bláa Lónið.  Bláa Lóninu.
7. Kjartan sækir Marínu á  flugvöllinn.  flugvellinum.
8. Það er hægt að kaupa ýmislegt á  flugvöllinn.  flugvellinum.
9. Ég ætla í  bað  baði þegar ég kem heim.
10. Ég ætla að vera lengi í  bað.  baði.
11. Ég fer stundum á rokk...  tónleika.  tónleikum.
12. Hefur þú verið á sínfónú...  tónleika?  tónleikum?



## 4. Í matarboði



Guðrún (móðir Kjartans):

Sæl, Marina mín og velcomin til landsins.  
Má ég kynna þig fyrir kærastanum mínum?  
Hann heitir Pröstur.

Marina: Sæll. Ég heiti Marina.

Pröstur: Sæl. Þetta er dóttir mín, Ingibjörg.

Marina: Sæl Ingibjörg.

Guðrún: Svo eru fleiri gestir, en þú kynnist þeim við matarborðið. Maturinn er tilbúinn. Gerið þið svo vel!

Guðrún: Marina. Sestu við hliðina á Presti.


Marina: Presti? Heitir hann ekki Pröstur?

Guðrún: Já, og Helena, þú sest á milli Ingibjargar og mín.

Kjartan: Og hvar á ég að sitja? Undir borðinu?

Guðrún: Nei, sestu hjá Steingrími. Ég vil að þið talið saman. Jæja, skál allir saman!

Allir: Skál!



### 4.1 Spyrjið og svarið



1. Hver er Guðrún?
2. Hver er Pröstur?
3. Hver er Ingibjörg?
4. Hvar á Helena að sitja?
5. Af hverju á Kjartan að sitja við hliðina á Steingrími?

### 4.2 Tölum saman!



- a) Ferð þú stundum í matarboð?
- b) Um hvað talar fólk í matarboðum?
- c) Hvert fórstu síðast í matarboð?
- d) Hvað var í matinn?
- e) Hvernig segir þú „skál!“ á þínu máli?



### 4.3 Vinnið saman og búið til samtal í matarboði.



Leikið svo fyrir bekkinn

---

---

---

---

---

---

---

---

### 4.4 Merktu við rétt orð



Marína og Kjartan fara

- í
- á matarboð.
- til

Guðrún talar

- með  Marína.
- við  Marínu.
- hjá

Kjartan sest

- á milli  Steingrímur.
- undir  Steingrími.
- hjá

Marína situr

- við hliðina á  Pröst.
- undir  Presti.
- yfir

Gestirnir sitja

- við  matarborðið.
- með  matarborðinu.
- á

Helena fór

- við  pabba og mömmu
- með  í matarboðið.
- hjá



#### Hvað segir Fríða frænka?

Íslensk nöfn fallbeygjast eins og önnur nafnorð.  
Til dæmis: Helena / Helenu. Sum íslensk nöfn hafa óvenjulega beygingu t.d. Pröstur og Ingibjörg.

*Hvað heita Íslendingar sem þú þekkir?*

*Kanntu að beygja nöfnin þeirra?*

*Hver af þessum nöfnum eru til í þínu tungumáli?*

*Veistu hvað þau þýða?*



## 5. Hvað kann ég?



### 5.1 Skrifaðu svörin




1. Hvað heitir þú? \_\_\_\_\_
2. Hvenær komstu til Íslands? \_\_\_\_\_
3. Hvenær varst þú síðast í flugvél? \_\_\_\_\_
4. Hvaðan varstu að koma? \_\_\_\_\_
5. Hvert fórstu síðast í matarboð? \_\_\_\_\_
6. Hvað var í matinn? \_\_\_\_\_
7. Hvernig segir þú „skál!“ á þínu máli? \_\_\_\_\_

### 5.2 Skrifaðu spurningar



1. \_\_\_\_\_ ? Mér finnst gaman í skólanum.
2. \_\_\_\_\_ ? Já, ég hrýt stundum.
3. \_\_\_\_\_ ? Ég fór í skólann í gær.
4. \_\_\_\_\_ ? Ég vinn á bókasafni.
5. \_\_\_\_\_ ? Nei, ég hef aldrei farið á Sinfóníutónleika.

### 5.3 Krossgáta



#### ➔ Lárétt:

- 1 Eva var ekki búin að ... sumum börnunum.
- 3 Ég verð lengi í ... á morgun.
- 4 Helena fór ... pabba og mömmu í matarboð.
- 5 Flugvélin ... til Kaupmannahafnar.
- 6 Kjartan situr við ... á Steingrími.

#### ⬇ Lóðrétt:

- 2 Ég þarf að fara í ... á morgun.
- 3 Viltu tala ... mig á eftir?

## 6. Sjálfsmat – Þetta kann ég!



1. Æfðir þú þig í að tala?  Já, mikið  Já, svolítið  Nei, mjög lítið  
Hvernig gekk?  Vel  Sæmilega  Ekki vel
2. Æfðir þú þig í að skrifa?  Já, mikið  Já, svolítið  Nei, mjög lítið  
Hvernig gekk?  Vel  Sæmilega  Ekki vel
3. Æfðir þú lestur?  Já, mikið  Já, svolítið  Nei, mjög lítið  
Hvernig gekk?  Vel  Sæmilega  Ekki vel
4. Æfðir þú hlustun?  Já, mikið  Já, svolítið  Nei, mjög lítið  
Skildir þú allt?  Já, allt  Já, mikið  Nei, lítið
5. Notaðir þú orðabók?  Já, mikið  Já, svolítið  Nei, ekki neitt

6. Hvað lærði ég fleira í 1. kafla? \_\_\_\_\_  
\_\_\_\_\_  
\_\_\_\_\_

7. Hvað ætla ég að nota? \_\_\_\_\_  
\_\_\_\_\_  
\_\_\_\_\_

8. Hvað þarf ég að læra betur? \_\_\_\_\_  
\_\_\_\_\_  
\_\_\_\_\_

## Sagnir í nútíð

### Regla \*1 -a, -ar sagnir

	ég	þú	hann/hún/það	við	þið	þeir/þær/þau
að hugsa að spjalla	hugsa spjalla	hugsar spjallar	hugsar spjallar	hugsu spjöllum	hugsið spjallið	hugsa spjalla

### Regla \*2 -i, -ir sagnir

	ég	þú	hann/hún/það	við	þið	þeir/þær/þau
að gleyma að trúa	gleymi trúi	gleymir trúir	gleymir trúir	gleymu trúum	gleymið trúið	gleyma trúa

### Regla \*3 -ur sagnir

	ég	þú	hann/hún/það	við	þið	þeir/þær/þau
að vinna að sitja að fljúga	vinn sit flýg	vinnur situr flýgur	vinnur situr flýgur	vinnu sitjum fljúgum	vinnið sitjið fljúgið	vinna sitja fljúga

### Regla \*4 og \*5

	ég	þú	hann/hún/það	við	þið	þeir/þær/þau
að þvo að fara	þvæ fer	þværð ferð	þvær fer	þvoum förum	þvoið farið	þvo fara

## að geta<sup>\*3</sup> + lýsingarháttur

<p><b>Get</b> ég fengið kaffi? = <b>Gæti</b> ég fengið kaffi?</p>	<p>Já, gjörðu svo vel. Nei, því miður.</p>
<p><b>Getur</b> þú sagt mér hvað klukkan er? = <b>Gætir</b> þú sagt mér hvað klukkan er?</p>	<p>Já, alveg sjálfsagt. Hún er þrjú. Nei, því miður. Ég er ekki með úr.</p>

## Forsetningar og föll

<p><b><i>Petta er/eru ...</i></b>  <b>+ nefnifall (nf)</b></p> <p>vinnan            skólinn            bankinn            sund            Bláa Lónið            bað            flugvöllurinn            bókasafnið            listasafnið            kaffihúsið            tónleikar</p>	<p><b><i>Ég fer/keyri/geng/            hjóla/hleyp ...</i></b>  <b>+ þolfall (þf)</b></p> <p>í vinnuna            í skólann            í bankann            í sund            í Bláa Lónið            í bað            á flugvöllinn            á bókasafnið            á listasafnið            á kaffihúsið            á tónleika</p>	<p><b><i>Ég er/vinn/sit ...</i></b>  <b>+ þágufall (þgf)</b></p> <p>í vinnunni            í skólanum            í bankanum            í sundi            í Bláa lóninu            í baði            á flugvellinum            á bókasafninu            á listasafninu            á kaffihúsinu            á tónleikum</p>	
<p><b><i>Petta (er)</i></b>  <b><i>Petta (eru)</i></b>  <b>+ nefnifall (nf)</b></p> <p>er Marina            er Steingrímur            er vinur minn            er vinkona mín            eru vinir mínir            ert þú            eruð þið            er hann            er hún</p>	<p><b><i>Ég tala við ...</i></b>  <b><i>Ég hugsa um ...</i></b>  <b>+ þolfall (þf)</b></p> <p>Marinu            Steingrím            vin minn            vinkonu mína            vini mína            þig            ykkur            hann            hana</p>	<p><b><i>Ég fer með ... í bíó</i></b>  <b><i>Ég fer frá ...</i></b>  <b><i>Ég sit hjá/við hliðina á</i></b>  <b>+ þágufall (þgf)</b></p> <p>Marinu            Steingrími            vini mínum            vinkonu minni            vinum mínum            þér            ykkur            honum            henni</p>	<p><b><i>Ég fer til</i></b>  <b>+ eignarfall (ef)</b></p> <p>Marinu            Steingríms            vinar míns            vinkonu minnar            vina minna            þín            ykkar            hans            hennar</p>





orð	þýðing
að birtast	
að fagna	
að fela	
að fljúga	
að hrjóta	
að lenda	
að ræða	
að setjast	
að spjalla	
álfur	
enginn	
fagnaðarfundir	
flughræddur	
flugvél	
flugþjónn	
hulið	
loksins	
millilending	
sérstakur	
um það bil	
uppruni	
þjóðsaga	